Ólíðandi vinnubrögð atvinnuveganefndar

Eftir Örn Pálsson

Föstudaginn 16. maí lauk 143. löggjafarþingi Íslendinga.

Á yfirstandandi kjörtímabili hef ég orðið þess áskynja að tekin hafa verið upp ný vinnubrögð í meðferð frumvarpa til laga. Stjórnarfrumvörp sem lögð eru fram af viðkomandi ráðherrum eru afgreidd frá nefnd mikið breytt og jafnvel tekin inn í þau efnisatriði sem enga umræðu fá á þinginu. Ekki mælt fyrir þeim í frumvarpstexta og í því tilfelli sem vakti upp þessi skrif, afgreiddi atvinnuveganefnd þingsins málið ekki



Örn Pálsson

til 2. umræðu fyrr en við þinglok. Tímasetningin kom í veg fyrir að nýjar greinar frumvarpsins fengju efnislega umfjöllun við 2. og 3. umræðu og var það afgreitt þannig sem lög frá Alþingi. Áður en atkvæðagreiðsla fór fram er afar ólíklegt að þingmenn hafi haft tækifæri til að kynna sér málefnið.

Vinnubrögð sem hér er lýst eru gagnrýniverð þar sem líklegt má telja að þau leiði til óvandaðri málsmeðferðar. Engin kynning er á málefninu, það aðeins rætt í lokaðri nefnd, ekki á þingfundum, hagsmunaaðilar fá ekki tækifæri til að veita umsögn og þar af leiðandi er ekkert samráð við þá sem eiga að starfa innan nýs lagaumhverfis. Ég tel að hér sé á ferðinni starfsaðferð sem forsætisnefnd Alþingis verður að taka á. Forsætisnefnd á að koma í veg fyrir þetta vinnulag og tryggja að ávallt eigi sér stað vönduð vinna og fram fari opin umræða við lagasetningu og breytingar á lögum.

Hér má ekki skilja málefnið svo að nefndir geti ekki lagt til ákveðnar breytingar. Það er þeim að sjálfsögðu heimilt, en nýjar greinar sem gjörbreyta viðkomandi frumvarpi ásamt öðrum breytingum sem ekki

» Forsætisnefnd á að koma í veg fyrir þetta vinnulag og tryggja að ávallt eigi sér stað vönduð vinna og fram fari opin umræða við lagasetningu

hafa verið ræddar tel ég að eigi að gera á sama hátt og um frumvarp sé að ræða. Þau mál eiga að fara í gegnum 1. umræðu, fara í gegnum umsagnarferli, nefndarvinnu o.s.frv. Þannig verður málið best unnið, fer í gegnum öll hugsanleg stig sem byggja upp trausta undirstöðu fyrir verðandi lagaákvæði.

Breytingar á lögum og lagasetningu ber að vanda

Undirritaður sem framkvæmdastjóri LS hefur áratuga reynslu af samskiptum við stjórnvöld og meðferð þingmála og vill með þessu vekja athygli á þessum breyttu vinnubrögðum í því skyni að þau endurtaki sig ekki.

Þjóðin á rétt á vandaðri umfjöllum allra mála sem koma til kasta Alþingis.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.

mbl.is
Færir þér fréttirnar